

Samþykkt um sérstakar áherslur í kjaramálum

A - METUM KENNARASTARFIÐ AÐ VERÐLEIKUM

Sjötta þing KÍ leggur áherslu á eftirfarandi varðandi launakjör félagsmanna KÍ:

- Laun og önnur starfskjör félagsmanna KÍ standist ávallt samanburð við kjör annarra sérfræðinga og stjórnenda á vinnumarkaði. Nauðsynlegt er að finna leiðir til að hækka laun félagsmanna KÍ í takt við laun viðmiðunarhópa. Leiðréttá skal laun kennara áður en farið er í aðgerðir sem fram koma í SALEK skýrslunni.
- Félagsmönnum KÍ með sambærilega menntun og reynslu sé ekki mismunað í launum eftir því á hvaða skólastigi þeir starfa.
- Kjör félagsmanna KÍ verði eftirsóknarverð og samkeppnishæf við laun á vinnumarkaði.

B - Leiðsögn kennaranema og samningsumboð KÍ

Sjötta þing KÍ bendir á að samningsumboð vegna leiðsagnar með kennaranemum og nemum í náms- og starfsráðgjöf í starfsþjálfun er hjá Kennarasambandi Íslands. Þingið krefst því að:

- Leiðsögn félagsmanna KÍ með kennaranemum og nemum í náms- og starfsráðgjöf í starfsþjálfun í skólum landsins sé launuð með sanngjörnum hætti og bundið kjarasamningi viðkomandi aðildarfélags KÍ.

C - Kennslureynsla metin milli skólagærða

Sjötta þing KÍ leggur áherslu á að litið verði á skólagöngu nemenda sem eina heild og starf kennara sömuleiðis. Þingið krefst því að:

- Kennslureynsla sé ævinlega metin til launa og réttinda milli allra skólagærða.

D - Bætt kjör trúnaðarmanna

Sjötta þing KÍ leggur áherslu á mikilvægi trúnaðarmanna og ályktar eftirfarandi varðandi kjör og starfsaðstæður þeirra:

- Að starfskjör trúnaðarmanna verði bætt, svo sem hvað varðar:
 - Tíma til að sinna störfum,
 - starfsaðstöðu,
 - umbun fyrir störf,
 - símenntun/starfsþróun.

E - Réttur félagsmanna til fastráðningar

Sjötta þing KÍ leggur áherslu á eftirfarandi varðandi ráðningafestu félagsmanna KÍ:

- Að samnings /lögbundinn réttur félagsmanna til fastráðningar verði virtur.